

Ed.

354. Breytingartillögn

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Við 1. gr. 7. tölulið bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Um leið og atvinnumálaráðherra veitir hlutafjelinu Titan ofannefnt sjerleyfi, skal fjelagið setja að veði öll vatnsrjettindi sín hjer á landi og fasteignir, sem tryggingu fyrir því, að sjerleyfishafi fullnægi á rjettum tíma öllum ákvæðum 11. gr.

2. Upphaf 3. gr. orðist svo:

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum nema samþykki Alþingis komi til.

3. Síðasti málsliður 9. gr. d. orðist svo:

Framlag rikissjóðs greiðist eftir á, þegar sjerleyfishafi hefir bygt járnbrautina austur fyrir Lágaskarð. Rikissjóður er á engan hátt beint eða óbeint ábyrgur fyrir skuldbindingum sjerleyfishafa, nema að því er snertir ofangreinda upphæð, með þeim skilyrðum, sem þar að lúta í lögum þessum.